

Hörgársveit
Jakobína Ósk Sveinsdóttir
Þelamerkurskóli
601 Akureyri

Garðabær, 29. júlí 2024
Málsnúmer: 202407-0004
IAS

Efni: Blöndulína 3 – breyting á Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024. Lýsing.

Vísað er í erindi frá Hörgársveit, dagsettu 1. júlí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna skipulagslýsingar fyrir breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 vegna Blöndulínu 3.

„Landsnet vinnur að undirbúningi lagningar Blöndulínu 3, meginmarkmið framkvæmdarinnar að bæta flutningsgetu meginflutningskerfisins og auka þannig afhendingargetu allra afhendingarstaða á landsbyggðinni.“

„Línuleiðin mun liggja nærri fólkvangi í Öxnadal og svæðum sem eru á náttúruminjasrá. Rask mun verða á Hólahólum sem er berghlaup með hátt verndargildi á landsvísi. Línuleiðin mun að mestu liggja ofan við jarðmyndunina og ekki talið að línun muni rjúfa heildarásýnd hennar. Línun mun einnig liggja yfir Þverárgil ofan Hóla í um 200 m fjarlægð frá fossi sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

Línuleiðin liggur um svæði þar sem mikilvægi búsvæða er talið lágt og mikilvægi tegunda miðlungs. Leiðin fer nærri einu fálkaóðali sem tekið verður tillit til ef framkvæmdir fara fram á varptíma. Mestan hluta leiðarinnar er línun staðsett meðfram hlíðum.

Línuleiðin liggur um fjölbreyttar vistgerðir sem hafa mishátt verndargildi. Leiðin liggur að hluta um votlendissvæði, sem eru yfir tveir hektarar, og heyra undir 61. grein laga um náttúruvernd.

Línuleiðin mun þvera ár en vegslóðir og möstur verða staðsett utan árfarvega.“

„Línuleiðin er að hluta innan fjarsvæðis vatnsverndar og mun að hluta liggja um þekkt snjóflóðasvæði.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og kemur með eftirfarandi ábendingar.


Gera þarf grein fyrir því raski sem framkvæmdirnar hafa á berghlaupið Hólahóla og meta hvort verndargildi jarðminja rýrni. Mikilvægt er að vistgerðum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög 60/2013) verði hlíf eins og hægt er og að gerð sé grein fyrir hugsanlegu raski og mögulegum mótvægisáðgerðum. Þá þarf að skoða áhrif á fuglalíf og Náttúrufræðistofnun er sammála Skipulagsstofnun um „að setja þurfi skilyrði í framkvæmdaleyfi um vöktun á áflugi fugla. Í vöktunaráætlun þarf að koma skýrt fram hvaða svæði á að vakta, hvernig vöktun fer fram og hvenær, hvaða sérfræðiaðilar hafi tekið þátt í gerð



vöktunaráætlunar og hverjir framkvæmi vöktunina.“ Þá er æskilegt að framkvæmdir fari fram utan varptíma, sér í lagi skal ekki fara í framkvæmdir í grennd við fálkaóðöl á varptíma.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til frekari ábendinga og athugasemda á seinni stigum málsins.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

